



Fundargerð 9. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom, þriðjudaginn 2. maí kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Jón Þór Jónsson (JÞJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

Mættir varamenn: Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Kolbrún Vignisdóttir (KV).

Fjarverandi: Halldór Jóhannsson (HJ) aðalmaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Yfirferð á verkefnalista stjórnar

Farið var yfir verkefnalista sem settur hafi verið saman af formanni eftir ábendingar frá stjórnarmönnum, bæði þau sem eru komin af stað og eins ýmis sem ekki eru komin af stað.

2. Viðbragðsáætlun AKÍS vegna atvika og áfalla

Umræðu frestað til næsta stjórnarfundar.

3. Námskeið fyrir keppnisstjóra og dómnefndafólk

Enn vantar örlítið á að fyrirlestrar séu tilbúnir fyrir námskeið keppnisstjóra og dómnefndafólks. Vonast er til að efnið verði tilbúið í lok vikunnar og hægt verði að keyra prófhluta námskeiðanna um miðjan maí.

4. Önnur mál

Keppnisráð - Enn vantar nokkrar tilnefningar frá aðildarfélögum. TMP mun deila upplýsingum um það sem komið er með stjórninni og jafnframt ýta á þá sem eiga eftir að tilnefna.

Aðgangsskírteini - Spurt var um hvort gefin yrðu út sambærileg rafræn aðgangsskírteini og undanfarin ár fyrir stjórnarfólk, aðila í keppnisráðum og öryggisráði. TMP sagði svo verða og skírteinin yrðu væntanlega tilbúnir fyrir lok vikunnar.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 9. maí kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 21.16